

Garðar Haukur Steingrímsson

Kt.: [...]

Heimilisfang: [...]

Akureyri, 29.09.2022

Tilv. 2022-03-30-1441

Efni: Gammur II SK-120 (2319). Brottkast. Ákvörðun um sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni.

I. Málsvik

Fiskistofa hefur til meðferðar mál (tilv. 2022-03-30-1441) er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Gammur II SK-120 (skipaskrárnúmer 2319) þann 23. mars 2022 gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Málavöxtum er þannig lýst í skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 30. apríl 2022, að þann 23. mars 2022, um kl. 12:50, hafi veiðieftirlitsmenn verið við eftirlit í Skagafirði. Þeir hafi veitt því athygli að Gammur II SK-120 (2319) var við grásleppuveiðar á svæðinu og ákváðu þeir að senda ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði, til að fylgjast með veiðum skipsins. Loftfarinu hafi verið flogið um 2,5 og síðar 3,5 km frá landi yfir skipið og tóku veiðieftirlitsmenn upp samtals fjögur myndbönd. Upptaka hófst kl. 13:37 á fyrsta myndbandi og er lengd myndbandsins 38 sekúndur. Upptaka á öðru myndbandi hófst 14:38 og stóð í 01:58 mínútur. Upptaka á þriðja myndbandi hófst kl. 18:47 og stóð í um 13 mínútur. Upptaka á fjórða myndbandi hófst 19:19 og stóð í um 12 mínútur. Á fyrstu tveimur myndbandsupptökunum sést til skipverja í tvígang losa þegar veiddan þorsk úr grásleppuneti og kasta honum fyrir borð stjórnborðsmegin. Á þriðja myndbandi sést þegar skipverji kastar samtals tíu þorskum fyrir borð stjórnborðsmegin. Á fjórða og síðasta myndbandi sést svo þegar skipverji kastar fyrir borð þremur þorskum og einum steinbíti bakborðsmegin. Á myndböndunum fjórum sést til skipverja varpa fyrir borð samtals fimmtán (15) þorskum og einum (1) steinbít, með þeim afleiðingum að þegar veiddur afli hafnaði aftur í sjónum.

II. Athugasemdir málsaðila

Fiskistofa sendi málsaðila bréf, dags. 24. ágúst 2022 (tilv. 2022-04-27-1530), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipanna X og Gammur II SK-120 (2319). Þar var málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Engar athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu fyrir uppgefin tímafrest, 7. september 2022. Ákvörðun Fiskistofu tekur því mið af framkomnum gögnum og málsatvikum að öðru leyti.

III. Lagagrundvöllur

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að ákveða með reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Koma þau ekki til álita eins og atvikum er háttað í málum þessum. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsýsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða

skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga.

IV. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) uppvís að meintu brottkasti við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu í Skagafirði þann 23. mars 2022. Lögskráður skipstjóri um borð var málsaðili, Garðar Haukur Steingrímsson, en hann er jafnframt eigandi og útgerðaraðili fiskiskipsins. Við eftirlitið var notast við ómannað, fjarstýrt loftfar með myndupptökubúnaði. Í málinu liggja fyrir samtals fjögur myndbönd sem sýna skipverja varpa fyrir borð og aftur út í sjó afla sem dreginn hafði verið um borð og/eða losaður úr veiðarfærum. Á myndbandsupptökum sést til skipverja varpa fyrir borð samanlagt fimmtán (15) þorskum og einum (1) steinbít. Var sá afli sem kastað var aftur í sjó tegundagreindur af sérfræðingum Fiskistofu og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því.

Umrædd myndbönd sýna með skýrum hætti þá háttsemi sem skipverji viðhafði um borð í umræddu fiskiskipi umræddan dag. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur til grundvallar við ákvörðun sína. Málsaðili á sér engar málsbætur enda engar skýringar gefið á meintum brotum. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim sextán (16) tilgreindu fiskum sem að framan greinir í umræddri veiðiferð 23. mars 2022. **Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Gammur II SK-120 (2319) er talin varða við 2. mgr. 2.gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.**

Í 3. mgr. 15. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot er að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Í þessu máli er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Brotin ógna helst hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina. Myndbönd þau sem fyrir liggja í málinu sýna með skýrum hætti framgöngu skipverja um borð í umrætt skipti þegar hann varpar þegar veiddum afla aftur í sjó. Aflanum er kastað fyrir borð, að því er virðist, án umhugsunar og í skeytingarleysi, og virðast vinnubrögð hans og framganga með öllu venjubundin. Gefur háttsemi hans í umræddri veiðiferð 23. mars 2022 sterklega til kynna að brottkast sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háternisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar.

Við mat á því hvort að um meðvituð gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða, er litið til þess að Fiskistofa hafði áður sent málsaðila leiðbeiningabréf vegna meints brottkasts dags. 30. júní 2021 (tilv. 2021-05-19-1917) vegna veiðiferðar 12. maí 2021 og einnig tilkynningu til málsaðila um upphaf máls vegna meints brottkasts frá 11. október 2021 í bréfi Fiskistofu dags.

8. nóvember 2021 (tilv. 2021-10-13-2593). Málsaðila hafi því mátt vera ljóst að honum bar að gera ráðstafanir til að tryggja að háttsemi hans við framkvæmd veiða bryti framvegis ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Málsaðili virti að vettugi aðvaranir og leiðbeiningar Fiskistofu og var á ný uppvís á brotum gegn framangreindu ákvæði í þeirri veiðiferð er mál þetta varðar. Jafnframt er litið til háttsemi og framgöngu skipverja, sem að framan er getið, við mat á ásetningsstigi.

Af þeim sökum er það mat Fiskistofu að málsaðili var grandsamur um að háttsemin bryti í bága við lög en eftir sem áður hélt hann uppteknum hætti í þeirri veiðiferð sem mál þetta varðar. Brotin eru því að mati Fiskistofu alvarleg og endurtekin. Eins og að framan greinir var málsaðili lögskráður skipstjóri um borð og einn að störfum í umræddri veiðiferð 23. mars sl., sem og í þeim veiðiferðum sem áður var vísað til (12. maí og 11. október 2021). Málsaðili stundar veiðar í atvinnuskyni, er skipstjóri og er það því á hans ábyrgð, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann á og gerir út. Við mat á viðurlögum í máli þessu telur Fiskistofa að líta verði til þess að málsaðili hefur ítrekað orðið uppvís að brottkasti þrátt fyrir leiðbeiningar og önnur erindi frá Fiskistofu sem gáfu það skýrt til kynna að háttsemi hans væri ólögmat. Þau tilvik hafa þó ekki ítrekunaráhrif sbr. 19. gr. laga nr. 57/1996 í máli þessu en koma til skoðunar við mat á ásetningsstigi.

Um er að ræða alvarleg brot, framin af ásetningi og þrátt fyrir fyrri afskipti Fiskistofu gagnvart málsaðila vegna sams konar brota. Af þeim sökum kemur lágmarkssvipting (1 vika) skv 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 ekki til greina. Af framangreindu, með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsýsluréttarins, þykja hæfileg viðurlög vera svipting til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur. Rétt er að taka fram að engin fyrri brot hafa ítrekunaráhrif í máli þessu en ranglega var vísað til þess í bréfi dags. 24. ágúst sl., að áminning sem málsaðili hlaut þann 5. maí 2022, hafi ítrekunaráhrif í máli þessu. Áminning hefur réttaráhrif frá dagsetningu ákvörðunar um hana og hefur því umrædd áminning ekki ítrekunaráhrif í máli þessu þar sem hún var veitt eftir þá veiðiferð er mál þetta varðar.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskipið Gammur II SK-120 (2319), leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með upphafsdegi veiðitímabils næstu grásleppuvertíðar 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 sbr. 24. gr. laga nr. 116/2006 vegna brottkasts á fimmtán (15) þorskum og einum (1) steinbít. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt niður leyfi til veiða á grásleppu sbr. síðari másl. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 267/2022 um hrognkelsveiðar árið 2022. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á á heimasíðu Fiskistofu á grundvelli 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992. Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar.

